

Stjórnarfundur FEB nr. 495 þriðjudaginn 9. apríl 2024 kl. 13:30 að

Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Águst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Árni Gunnarsson, Stefanía Valgeirsdóttir, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Elinóra Inga Sigurðardóttir og Kristinn Eiríksson.

Mættir varamenn: Bessí Jóhannsdóttir, Ragnar Árnason og Jón Magnússon (gegnum fjarfundarbúnað)

Einnig sat fundinn, Dýrlief Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

1. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og hún samþykkt

2. Nýjar samþykktir LA – Drög

Formaður lagði til frestun á þessum lið, því endanlegri yfirferð væri ekki lokið. Ákveðið var að boða til auka stjórnarfundar innan skamms þar sem þessi liður yrði afgreiddur.

3. Hólaberg 84 (H84)

Samkv. kvöldum sem á íbúðunum við Hólaberg 84 hvíla mega Félagsbústaðir eiga 20% íbúða í húsinu. Fjöldi íbúða er 49 þannig að Félagsbústaðir mættu eiga mest 10 íbúðir. Vegna mistaka í fortíð hafa Félagsbústaðir lengi átt 13 íbúðir við H84 og um síðustu áramót keyptu þeir fjórtándu íbúðina þrátt fyrir hörð mótmæli FEB. Eftir beiðni frá formanni FEB, var haldinn fundur með framkvæmdastjóra Félagsbústaða þann 3. apríl s.l. þar sem auk þeirra sátu fundinn framkvæmdastjóri FEB og starfsmaður Félagsbústaða. Árangur þessa fundar var tillaga að samkomulagi sem lögð er fyrir þennan stjórnarfund þess efnis að aðilar komi sér saman um eftirfarandi atriði:

- Að FEB heimili kaup Félagsbúða á fjórtándu íbúðinni gegn því skilyrði að Félagsbústaðir selji tvær íbúðir í H84 innan tveggja ára frá undirritun samningsins.
- Að Félagsbústaðir muni ekki kaupa fleiri íbúðir í húsinu í framtíðinni.

Stjórn FEB samþykkti samkomulagið og fóli framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.


4. Skýrsla formanns stjórnar FEB

Formaður hefur mætt á kynningarfundi og haldið kynningar og fundi með hinum ýmsu hagsmunaaðilum þar sem mörg mismunandi mál voru tekin fyrir. Hefur hann bæði verið að kynna sér mál og kynnt félagið fyrir öðrum. Þarna hafa verið tekin fyrir hin ýmsu hagsmunamál svo sem kjaramál, húsnæðismál, hjúkrunarheimili, lóðarmál, ferðamál o.s.frv. Var formanni þakkað fyrir góða skýrslu.

5. Skipan nefnda:

Samþykkt var að eftirtaldir aðilar skipuðu laganeftnd FEB: Jón Magnússon, Pétur Guðmundarson og Sigurður Águst Sigurðsson, formaður FEB.

Skipan húsnæðisnefndar var frestað þar til eftir fyrirhugaðan kynningarfund um Leigufélag aldraðra.



6. Erindi frá aðalfundi FEB

Aðalfundi FEB þann 21. feb. 2024 barst erindi frá Gunnari H. Gunnarssyni, sjá nánar í fundargerð aðalfundar. Aðalfundur vísaði erindinu til afgreiðslu hjá stjórn FEB, sem tekur það nú fyrir.

Niðurstaðan er sú að stjórn FEB samþykkir að vísa erindinu til Landlæknis.

7. Fulltrúar FEB á landsfundi LEB sem halda á 14. maí n.k.

FEB er heimilt að senda 46 fulltrúa á Landsfund LEB og eru stjórnar- og varastjórnarmenn sjálfkjörnir fulltrúar FEB. Nokkrir félagsmenn hafa núþegar sýnt áhuga á setu en ákveðið var að auglýsa eftir fulltrúum á heima- og Facebook-síðu félagsins til að fylla upp í þau lausu pláss sem eftir eru.


8. Tillaga

Bókun í stjórn LEB 29.02.24 tekin fyrir af RA. Lögð fram tillaga frá honum og JM um samþykkt stjórnar FEB vegna nefndrar bókunar í stjórn LEB. Tillagan var svohljóðandi:

Á stjórnarfundi LEB 29. febrúar sl. bókuðu stjórnarmenn LEB vissa lýsingu á kjöri til stjórnar FEB á aðalfundi félagsins þann 21.02 og lýstu á þeim grundvelli „miklum“ áhyggjum af því sem þeir kölluðu „flokkspólítisk ígrip“. Þessu taldi stjórn LEB að þyrfti að vinna gegn og hafa í huga þegar „leitað verði eftir framboðum til trúnaðarstarfa“ á landsfundi LEB. Augljóslega til að fylgja þessari afstöðu eftir ákvað stjórnin að senda þessa bókun til uppstillingarnefndar LEB fyrir aðalfundinn.

Við þetta frumhlaup stjórnar LEB telur stjórn FEB óhjákvæmilegt að gera athugasemdir:

- (i) Afar óheppilegt, jafnvel óeðilegt er að stjórn LEB sem er landssamband félaga eldra fólks um allt land skuli telja það sitt hlutverk að skipta sér af innri málum aðildarfélaganna og jafnvel freista þess að beita þau viðurlögum í kjöri til stofnana LEB. Ekki bætir úr skák að stjórn LEB skuli gera þetta á pólitískum forsendum, en samkvæmt lögum LEB á sambandið að vera hlutlaust gagnvart stjórmálum.
- (ii) Lýsingin á umræddu stjórnarkjöri virðist byggjast á sögusögnum og sérlunduðum hleypidómum sem við teljum í litlum tengslum við raunveruleikann. Miklu alvarlegra er þó að stjórn LEB skuli telja það við hæfi að bæði álykta og aðhafast á grundvelli sögusagna sem settar eru fram af einum stjórnarmanni án þess að gera neina tilraun til að sannreyna upplýsingarnar eða í það minnsta leita annarra sjónarmiða um það sem raunverulega fór fram á téðum aðalfundi og aðdraganda hans.
- (iii) Enn verra er að stjórn LEB skuli telja sjálfsagt að freista þess að mismuna aðildarfélögum sínum við uppstillingu í nefndir og stjórnir á grundvelli svona fordóma.
- (iv) Miklu verst er að þetta frumhlaup stjórnar LEB getur ekki annað en veikt samstöðu félaga eldra fólks í baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum aldraðra.



The image shows several handwritten signatures and initials in blue ink. There are two large, stylized signatures at the top left, followed by a series of smaller initials and names. On the right side, there is a signature that includes the letters 'EIS' and another signature below it that includes the letters 'P'. The handwriting is cursive and appears to be in Icelandic.

Af þessum ástæðum öllum skorar stjórn FEB á stjórn LEB að draga umrædda bókun á fundinum 29. febrúar til baka með viðeigandi afsökunarbeiðni.

Tillögunni var andmælt. Ákveðið að fela formanni að koma óánægju meirihluta stjórnar FEB á framfærni við stjórn LEB.

9. Önnur mál:

- Tekið fyrir þóknun til formanns stjórnar og hún samþykkt.
- Löggmaður húsfélags Eiðismýri 30 (E30) óskaði eftir að könnuð yrði afstaða nýrrar stjórnar á erindum þeim sem fyrri stjórnnum FEB hafa borist frá húsfélaginu. Í erindunum kemur fram beiðni um að kvöldum verði breytt er varðar félagsaðild eigenda íbúa við E30 í FEB. Ný stjórn staðfestir fyrri ákvarðanir stjórna FEB og hafnar beiðninni.

Fundi ~~slit~~ kl. 16:00

Fundamitari: Elinóra Inga Sigurðardóttir

The image shows handwritten signatures and notes in blue ink. At the top left is a black ink signature. Below it, in blue ink, is the name 'Elinóra Inga Sigurðardóttir'. To the left of her name is the word 'Bessi'. To the right is the name 'Stefania Halgrímsson'. Below these names is the signature 'Inga Þuríður'. At the bottom left is the signature 'Elinóra Inga Sigurðardóttir' again, and at the bottom center is the signature 'Elinóra Inga Sigurðardóttir' in purple ink.